

sektar og málskostnaðar og má kyrrsetja það og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar hvorutveggja.

Hið innflutta áfengi og tóbak er upptækt gert og skal vera eign ríkissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 7. desember 1936.

Nr. 130/1936. **Réttvísing** (Theódór B. Lindal)
gegn

Jóni Harry Bjarnasyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir að veitast að tveimur framfærslufulltrúum með ofbeldi og skammaryrðum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. júlí 1936: Ákærður, Jón Harry Bjarnason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Stefáns Jóh. Stefánssonar, kr. 50.00

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Framfærslufulltrúa þá, er fyrir verknaði ákærða, þeim er lýst er í hinum áfrýjaða dómi, urðu, verður að telja meðal þeirra opinberra sýslunarmanna, sem í 101. gr. almennra hegningarlaga greinir, en athafnir ákærða varða að nokkru við 1. mgr. 99. og að nokkru við 102. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða fyrir þær hæfilega ákveðin samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra laga tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þessari breytingu og

þessum athugasemdum. Svo ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða, Jóns Harry Bjarnasonar, verði tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanna Theódórs B. Lindal og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar (sic) hálfu gegn Jóni Harry Bjarnasyni, verkamanni til heimilis Vita-stíg 9 hér í bænum, fyrir brot gegn 12. kap. hinna almennu hegningarlaga.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hetland í Noregi 16. apríl 1914. Hinn 26. marz 1930 sætti hann 5 króna sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur og hinn 12. jan. 1932 var hann dæmdur í aukarétti Reykjavíkur fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51, 1928 í 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skil-orðsbundið. Öðrum refsisdómum hefir hann ekki sætt.

Málavextir eru þeir, er hér greinir, samkvæmt eigin játningu ákærðs og öðru því, er fram hefir komið í málinu.

Fimmtudaginn 25. júní s. l. kom ákærður, sem er framfærsluþurfi Reykjavíkurbæjar, inn á skrifstofu Sigurðar

Björnssonar, framfærslufulltrúa. Kveðst hann vera vanur að tala við framfærslufulltrúana á hverjum fimmtudegi viðvíkjandi styrk sínum og var nú kominn þeirra erinda. Um leið og ákærður kom inn á skrifstofuna ávarpaði hann framfærslufulltrúann með grófum skammaryrðum, en þegar framfærslufulltrúinn heyrði það, kvaðst hann ekki mundu ræða við hann, tók saman skjöl sín og hugðist að fara inn í annað herbergi. Ákærður brá þá við og aflæsti dyrum þeim, er hann stóð hjá, og hljóp síðan að öðrum dyrum, sem á herberginu voru, og aflæsti þeim einnig og lét lyklana í vasa sinn. Jafnframt tjáði ákærður framfærslufulltrúanum, að hann mundi ekki opna fyrr en hann hefði afgreitt sig eða lögreglan kæmi á vettvang.

Framfærslufulltrúinn kallaði nú á hjálp í næsta herbergi og þegar skömmu síðar var barið á dyrnar opnaði ákærður þær og hélt þá að lögreglan væri komin. En það var þá Ragnar Lárusson, framfærslufulltrúi, og urðu þegar með þeim nokkrar sviptingar og rifnuðu við það fót beggja lítið eitt. Einnig hefir Sigurður borið það, að ákærður hafi slegið til sín í þessari viðureign og hefir Ragnar staðfest að svo hafi verið, en ákærður ekki talið sig muna um það, en tók þó fram, að hann gæti ekki munað eftir öllum sínum orðum og gerðum þarna vegna bræði þeirrar, er hann komst í.

Eins og áður segir var ákærður kominn þarna til að ræða við framfærslufulltrúann um styrk til sín. Undanfarið hafði hann notið 15 króna styrks á viku úr bæjar-sjóði, en nú hafði hann nýlega verið lækkaður ofan í 10 krónur, og taldi ákærður það óréttmætt og gert að órannsökuðu máli. Kveðst hann því hafa verið framfærslufulltrúanum mjög reiður og þessvegna ávarpað hann eins og áður er lýst. Þegar hann sá, að framfærslufulltrúinn ætlaði að neita að afgreiða hann, greip hann ofsi og tók hann þá ákvörðun í reiði sinni, að freista þess að knýja framfærslufulltrúann til þess að afgreiða sig og hækka styrkinn til sín með því að loka hann inni.

Með framangreindum aðförum gegn framfærslufulltrúanum hefir ákærður gerzt sekur við 99. gr. 1. mgr. sbr. 3. mgr. almennra hegningarlaga. Með tilliti til allra málsatvika þykir mega ákveða refsingu hans þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Hann skal og greiða

allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, er ákveðast kr. 50.00.

Málið hefir verið rekið víðalaust.

Miðvikudaginn 9. desember 1936.

Nr. 112/1936. Búnaðarbanki Íslands vegna viðlaga-
sjóðs (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Guðmundi Björnssyni (Enginn).

Fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Dómur hæstaréttar.

Með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 20. maí þ. á., var stefndi, Guðmundur Björnsson sýslumaður í Borgarnesi, dæmdur til þess að greiða áfrýjanda kr. 57988.00 með 5% ársvöxtum frá 13. okt. 1929 til greiðsludags og 1500 krónur í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti. Til tryggingar dómskuldinnar var 1. veðréttur í íbúðarhúsi stefnda í Borgarnesi ásamt lóðarréttindum og öllu tilheyrandi, samkvæmt veðbréfi, útgefnu af stefnda 13. okt. 1921. Með fjárnámsbeiðni, dags. 13. júní þ. á., fór áfrýjandi þess á leit, að fjárnám yrði gert í téðri fasteign til tryggingar ofangreindri dómskuld ásamt vöxtum og kostnaði. Fjárnámið, sem framkvæmt var af setufógeta, eftir að hinn reglulegi fógeti, stefndi í þessu máli, hafði vikið sæti, fór fram í hinu veðsetta húsi hinn 16. júní þ. á. Var stefndi sjálfur mættur og kvaðst ekki geta greitt og var fjárnámið þessvegna framkvæmt.

Fjárnámsgerð þessari áfrýjaði stefndi með hæsta-